

# Umhverfisstefna

## Tilgangur

Tilgangur umhverfisstefnu Vatnsvirkjans er að vísa veginn í umhverfismálum félagsins og að þau séu höfð að leiðarljósi við alla starfsemi fyrirtækisins. Að starfsemin taki mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og endurspegli hringrásarhagkerfið. Stefna Vatnsvirkjans er að stuðla að aukinni umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og birgja.



## Leiðarljós og áherslur


Tryggja sem best velferð og vellíðan starfsmanna með heilsusamlegu og hreinlegu starfsumhverfi. Gildandi staðlar er varða umhverfismál séu nýttir við stjórn fyrirtækisins. Við val á eignum sem notuð eru í fyrirtækinu séu umhverfisvæn efni valin eftir fremsta megni. Stuðla að framfylgni umhverfismarkmiða meðal starfsfólks með upplýsingagjöf og fræðslu.

## Eftirfylgni og endurskoðun umhverfisstefnu

Umhverfisstefna er sett fram til framtíðar en skal endurskoðuð á tveggja ára fresti, oftar ef þörf krefur. Umhverfismarkmið eru sett fram í samræmi við gildandi umhverfisstefnu og skal yfirfara umhverfismarkmið að lágmarki á tveggja ára fresti. Aðgerðaráætlanir skal endurskoða árlega.

## Umhverfismarkmið:

- Efla umhverfisvitund starfsfólks og hvetja það til að bera virðingu fyrir umhverfinu og vera fyrirmynd og hvatning fyrir aðra.
- Auka úrval umhverfisvænna vara.
- Innkaup taki mið af umhverfissjónarmiðum og sjálfbærni.
- Takmarka útprentun á pappír eins og kostur er.
- Auka hlutdeild pappírslausra viðskipta.
- Nýta orku á sem ábyrgastan hátt, takmarka sóun eins og hugsanlegt er.
- Endurnýta umbúðir eins og kostur er.
- Allar endurvinnanlegar umbúðir sem ekki eru nýtanlegar sé safnað og skilað til endurvinnslu.
- Meðhöndlun sorps skilji eftir sig eins takmarkað kolefnisspor og unnt er.
- Fylgjast með kolefnisspori starfseminnar og vinna stöðugt að því að minnka það.
- Fylgja eftir markmiðum, mæla árangur með skilmerkilegum hætti og taka saman niðurstöður lykilmælikvarða árlega.



## Eftirfylgni

- Aðgerðaáætlun skal gerð til eins árs í senn þar sem leiðir að markmiðum fyrir innra starf og aðgerðir eru útlistaðar og árangur skilgreindur.
- Aðgerðaráætlun skal innihalda aðgerðir sem snúa að leiðbeiningum, fræðslu, hvatningu.

# Aðgerðaráætlun

---

- Kynna umhverfisstefnu og markið fyrir starfsfólki, og viðskiptavinum
- Þjóða reglulega upp á kynningar á umhverfismálum til starfsmanna og á heimasíðu
- Hefja flokkun á almennu sorpi, koma upp flokkunartunnum á öllum starfsstöðvum
- Hefja undirbúning og vinnu við gagnaöflun um kolefnisspor Vatnsvirkjans
- Hefja undirbúning og vinnu við öflun upplýsinga um kolefnisspor vara.
- Hætta útprentun á pappír við
  1. Afhendingu vara ( afgreiðsluseðlar ) – spjaldtölvur verða notaðar
  2. Týnslu vara ( týnsluseðlar) – spjaldtölvur verða notaðar
  3. Yfirlit og reikningar – Rafrænar lausnir verða nýttar
- Hvetja viðskiptavini til pappírslausra viðskipta
- Skoða möguleika á umhverfissvænni afhendingu á mat til starfsmanna